



Reykjavík, 19. febrúar 2026
IER25110001

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Innri endurskoðunaráætlun 2026-2028 fyrir A hluta borgarsjóðs

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar samþykkti innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar fyrir A hluta borgarsjóðs á fundi sínum 16. febrúar 2026 í samræmi við hlutverk sitt er greinir í starfsreglum nefndarinnar dags. 29. september 2017 og í samræmi við samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar og innri endurskoðanda dags. 15. júní 2021.

Innri endurskoðun og ráðgjöf starfar í umboði borgarráðs. Meðal hlutverka er að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar óháða endurskoðun og ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Innri endurskoðunaráætlunin forgangsraðar verkefnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar fyrir árin 2026-2028 á grundvelli áhættumats og í samræmi við meginmarkmið starfsemi Reykjavíkurborgar. Við gerð áætlunarinnar var horft til skipulags eftirlitsumhverfisins og rætt við borgarfulltrúa og lykilstjórnendur borgarinnar um rekstur, stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlit í stjórnsýslunni og borgarkerfinu. Í meðfylgjandi skýrslu er nánar fjallað um aðferðafræðina sem liggur til grundvallar verkefnavalinu.

Samkvæmt 1. gr. samþykktar fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar nýtur innri endurskoðandi faglegs sjálfstæðis gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar og er engum háður í störfum sínum, þar með talið gagnvart borgarstjóra. Hann skal jafnframt njóta stjórnskipulegs óháðis og vera laus við hvers konar afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna, í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

Hjálögð er innri endurskoðunaráætlun fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og tekur hún til verkefna næstu þriggja ára, 2026-2028, en áhættumat verður uppfært árlega.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
starfandi innri endurskoðandi

Hjálagt:

Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2026-2028



Reykjavík, 19. febrúar 2026

IER25110001

KHV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Frá fundi endurskoðunarnefndar 16. febrúar 2026

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 16. febrúar 2026 voru lögð fram drög að innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2026-2028.

Ingunn Ólafsdóttir og Guðjón Hlynur Guðmundsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.


Kristín Henley Vilhjálmsdóttir
e.u.



Innri endurskoðunaráætlun 2026-2028

A-hluti borgarsjóðs



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun og ráðgjöf

16. febrúar 2026
IER25110001



Efnisyfirlit

1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER).....	4
2. Helstu verkefni IER	5
3. Starfsfólk og starfsemi IER 2026.....	6
4. Verkerli við gerð innri endurskoðunaráætlunar.....	7
5. Niðurstöður áhættumats 2026	8
6. Meginferli úttekta og eftirfylgnikannana.....	9
7. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2026	10
8. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2027	11
9. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2028	12
10. Eftirfylgnikannanir 2026.....	13
Viðauki I – Áhættukort.....	14
Viðauki II – Starfsemi og rekstur A hluta Reykjavíkurborgar	15
Viðauki III – Viðmælendur	16
Viðauki IV – Starfsfólk IER 2026 – sérþekking, reynsla og hlutverk	17

1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER)

Samkvæmt samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar (IER), samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021, starfar innri endurskoðandi í umboði borgarráðs og fer með stjórn skrifstofu IER. Hlutverk IER er að veita stjórnendum borgarinnar faglega og óháða ráðgjöf og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta, auk þess að taka á móti upplýsingum um möguleg lögbrót eða aðra ámælisverða háttsemi í samræmi við lög um vernd upplýstrara nr. 40/2020.

Innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart stjórnsýslu borgarinnar varðandi umfang og framkvæmd úttekta, miðlun niðurstaðna og aðgang að gögnum og eignum, í samræmi við samþykkt IER og erindisbréf um innri endurskoðun sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd þann 18. september 2023. IER starfar jafnframt í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og siðareglur innri endurskoðenda, sem gefnar eru út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda.

Tilgangur innri endurskoðunar

Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er tilgangur innri endurskoðunar að styrkja getu skipulagsheilda til að skapa, vernda og viðhalda virði með því að veita stjórn og stjórnendum óháða, áhættumiðaða og hlutlæga staðfestingu, ráðgjöf, innsýn og framsýni.

Innri endurskoðun stuðlar sérstaklega að því að:

- ná stefnumarkmiðum,
- bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferla,
- efla ákvarðanatöku og yfirsýn,
- vernda orðspor og trúverðugleika gagnvart hagsmunaaðilum,
- styrkja getu til að bjóna almannahagsmunum.

Þriggja þrepa líkanið

Þriggja þrepa líkan Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA) skýrir hvernig ábyrgð og eftirlit skiptast innan skipulagsheilda til að tryggja góða stjórnarhætti, virka áhættustýringu og traust innra eftirlit. Með því að fylgja líkaninu tryggir IER skýrt hlutverk og óháði gagnvart stjórnendum, dregur úr skörun og tviðverksaði og styður heildstætt og skilvirkt kerfi fyrir eftirlit og áhættustýringu.



Fyrsta þrepið eru stjórnendur og starfsfólk sem sinna daglegri starfsemi. Þeir bera ábyrgð á að rekstur, þjónusta og verkefni gangi eðlilega fyrir sig og að áhættum sé stjórnað þar sem þær verða til.

Annað þrepið veitir sérfræðiráðgjöf, vöktun og mótvægi við daglegar ákvarðanir fyrsta þreps, án þess að taka ábyrgð á sjálfri framkvæmdinni. Þar á meðal er áhættustýring, regluvörður, upplýsingatæknistjóri, gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.

Þriðja þrepið er innri endurskoðun, sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á því hvort stjórnarhættir, áhættustýring og innra eftirlit séu fullnægjandi og árangursrík.

2. Helstu verkefni IER

IER sinnir fjölbreyttum verkefnum sem miða að því að styðja stjórn og stjórnendur við að tryggja góða stjórnarhætti, virka áhættustýringu og traust innra eftirlit í starfsemi borgarinnar. Helstu verkefni IER má flokka í fjóra meginþætti: Staðfestingarúttektir, eftirfylgni ábendinga, móttöku og úrvinnslu uppljóstrana og misferlismála og ráðgjöf. Þá sér skrifstofa IER jafnframt um umsýslu endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.



Staðfestingarúttektir: IER framkvæmir úttektir sem fela í sér óháð og hlutlægt mat á rekstrareiningum, verkefnum, ferlum eða upplýsingakerfum. Í þessum úttektum er meðal annars metið hvort:

- stjórnarhættir og eftirlitsumhverfi séu fullnægjandi,
- eignum sé við haldið og þær verndaðar á viðeigandi hátt,
- áhætta sé auðkennd og henni stjórnað á skilvirkan hátt,
- stjórnskipulag, rekstur og ferlar séu hagkvæm, skilvirk og í samræmi við lög, reglugerðir, verklagsreglur og stefnu,
- fjárhags- og rekstrarupplýsingar séu áreiðanlegar og styðji við yfirsýn og ákvarðanatöku.

Úttektirnar veita stjórn og stjórnendum nauðsynlega vissu um að ferlar styðji við markmið og skyldur sem stjórnendur hafa með höndum.

Eftirfylgni ábendinga: Innri endurskoðandi fylgir eftir ábendingum og úrbótatillögum sem fram koma í úttektarskýrslum. Tilgangurinn er að staðfesta hvort stjórnendur hafi gripið til viðeigandi aðgerða eða hvort annmarkar séu enn til staðar. Eftirfylgni fer að jafnaði fram ári eftir útgáfu úttektarskýrslu, nema annað sé ákveðið vegna eðlis málsins.

Uppljóstrunargátt: Í kjölfar gildistöku laga um vernd uppljóstrara nr. 40/2020 var komið á fót sérstakri vefgátt til móttöku uppljóstrana og nafnlausra tilkynninga um möguleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. IER annast móttöku, úrvinnslu og eftirfylgni slíkra mála í samræmi við samþykkt og verklag. Gáttin felur í sér öruggt samskiptapósthólf fyrir uppljóstrara og þjónar einnig sem misferlisgátt fyrir OR og Félagsbústaði. Markmiðið er að tryggja trúnað, faglega meðferð og viðeigandi viðbrögð þegar slík mál koma upp.

Ráðgjöf: IER veitir borgarráði, stjórnnum B hluta og stjórnendum ráðgjöf sem miðar að því að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferla, án þess þó að taka á sig stjórnendaábyrgð. Ráðgjöf er veitt á grundvelli beiðna og er eðli og umfang verkefna ákveðið í samráði hverju sinni.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar: Skrifstofa IER annast umsýslu funda endurskoðunarnefndar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Þetta felur meðal annars í sér fundaframkvæmd, undirbúning gagna og ritun fundargerða í samræmi við samþykkt nefndarinnar.

3. Starfsfólk og starfsemi IER 2026

Starfsfólk IER býr yfir fjölbreyttri og víðtækri reynslu og þekkingu á lykilsviðum innri endurskoðunar, áhættustýringar, stjórnsýslu, fjármála, lögfræði og upplýsingatækni. Þessi breiði þekkingargrunnur er mikilvæg forsenda faglegrar vinnu, vandaðs eftirlits og markvissrar greiningar á starfsemi borgarinnar.

Starfsfólk sem sinnir innri endurskoðun eru átta í jafnmörgum stöðugildum:

- **Arnheiður Ingjaldsdóttir**, verkefnastjóri í innri endurskoðun
- **Guðjón Hlynur Guðmundsson**, verkefnastjóri í innri endurskoðun
- **Halldóra Alexandersdóttir**, verkefnastjóri í innri endurskoðun
- **Ingunn Ólafsdóttir**, starfandi innri endurskoðandi
- **Kristín Lilja Sigurðardóttir**, lögfræðingur
- **Skúli Magnússon**, verkefnastjóri í innri endurskoðun
- **Stefán Viðar Grétarsson**, verkefnastjóri í innri endurskoðun UT
- **Magnús Gunnarsson**, verkefnastjóri í innri endurskoðun

Auk þess er starfandi skrifstofustjóri hjá IER:

- **Kristín Henley Vilhjálmsdóttir**, skrifstofustjóri

Nánari upplýsingar um starfsfólk IER má finna í viðauka skýrslunnar.

Fjárhagsrammi og starfsemi IER


Fjárhagsrammi IER árið 2026 nemur um 204 m.kr. Áætlaðar tekjur vegna innri endurskoðunar fyrir félög í B-hluta eru um 57 m.kr.

Markmið IER er að nýta að jafnaði um 75% tiltækra vinnustunda í úttektir, eftirfylgni og önnur verkefni sem tengjast faglegri starfsemi. Um 25% vinnustunda fara í verkefni sem ekki tengjast einstökum úttektum, þar á meðal innra gæðastarf, endurmenntun, orlof, veikindi og aðra fjarveru.

Miðað við núverandi fjölda starfsmanna (f = 9) er áætlað að hægt sé að ráðstafa um 8.700 vinnustundum árlega í úttektir og eftirfylgni. Þessar vinnustundir skiptast milli A og B hluta, þar sem gert er ráð fyrir að um 5.700 vinnustundir (66%) fari í verkefni fyrir A hluta borgarsjóðs árið 2026.

IER sinnir innri endurskoðun hjá A hluta Reykjavíkurborgar og eftirfarandi B hluta félögum: Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústöðum hf., Faxaflóahöfnum sf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Mynd 2. Skipting vinnustunda í innri endurskoðun milli A og B hluta 2026



4. Verkferli við gerð innri endurskoðunaráætlunar


Innri endurskoðunaráætlun A-hluta er unnin á grundvelli áhættumats til að tryggja að verkefnaval endurspegli mikilvægi, áhættu og forgangsmál í starfseminni. Áætlunin er sett fram til þriggja ára, en áhættumatið er endurskoðað árlega eða oftár ef þörf krefur þannig að áætlunin taki mið af breytingum í rekstri, áhættu og stefnu.

Við gerð áætlunar er aflað upplýsinga frá stjórnendum, kjörnum fulltrúum, áhættustjóra, ytri endurskoðanda og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt eru greind fjölbreytt gögn, þar á meðal fjárhagsupplýsingar og greinargerðir, lög og reglugerðir, stefnuskjöl, viðhorfskannanir meðal starfsfólks, tilkynningar borgarbúa í ábendingakerfi og niðurstöður úr fyrri úttektum sem varpa ljósi á áhættur og eftirlitsumhverfi borgarinnar.

Með þessum aðferðum fæst heildstæð og uppfærð mynd af áhættu og forgangsmálum, sem nýtist við mótun áætlunar sem styrkir gagnsæi, skilvirkni og aðhald í stjórnýsly Reykjavíkurborgar.

Að lokinni vinnslu er áætlunin lögð fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og síðan kynnt í borgarráði.

Mynd 3. Ákvörðunarferli við verkefnaval



Áhættumat innri endurskoðunaráætlunar

Endurskoðunarheimur A hluta er fyrst skilgreindur; þ.e. allar starfseiningar sviða, ferlar og málaflokkar sem innri endurskoðun getur tekið til skoðunar. Starfsemin er flokkuð í skýrar einingar með tilgreindum ábyrgðaraðilum til að tryggja yfirsýn og samanburðarhæfi.

Eðlislæg áhætta hverrar einingar er síðan metin með hliðsjón af:

- fjárhagslegu umfangi og rekstraráhrifum,
- lagalegri áhættu og misferlisáhættu,
- viðkvæmni þjónustu gagnvart íbúum og notendum,
- orðsporsáhættu og þjónustuskuldum,
- áhyggjum og sjónarmiðum borgarbúa, starfsfólks, stjórnenda og kjörinna fulltrúa.

Hver eining er metin fyrir sig og niðurstöðurnar sameinaðar í heildareinkunn eðlislægrar áhættu. Farið er yfir mat á eftirlitsaðgerðum málaflokka með yfirstjórnendum borgarinnar.

Viðfangsefni úttekta í innri endurskoðunaráætlun 2026–2028 eru valin á grundvelli áhættumatsins, ásamt sjónarmiðum sem byggja á nýlegum úttektum og áherslum eftirlitsaðila. Lagt er upp með að innri endurskoðun fari fram á hverju sviði að minnsta kosti tvisvar á tímabilinu. Við val úttektarefna er horft til eðlislægrar áhættu, tímans sem liðinn er frá síðustu úttekt og hvort verkefnið styðji markmið og rekstrarþarfir A hlutans. Einingar með háa áhættu hafa forgang.

Áhættumatið er endurskoðað árlega og eru verulegar breytingar á áætlun bornar undir endurskoðunarnefnd og borgaráð til samþykktar.

5. Niðurstöður áhættumats 2026

Samantekin greining á áhættumati sviða (Viðauki I) bendir til þess að áhættumynd Reykjavíkurborgar mótist einkum af eftirfarandi þáttum:

- **Lögbundin þjónusta við viðkvæma hópa** (fatlað fólk, börn, eldri borgara og heimilislausa) undir þrýstingi og á mörkum getu. Áhættan snertir öryggi, réttindi og lögbundnar skyldur borgarinnar.
- **Mannauðsáætta.** Áhættan felst í erfiðleikum við að manna stöður, hátt veikindahlutfall og skorti á sérhæfðri hæfni. Þetta hefur bein áhrif á þjónustustig, öryggi og stöðugleika í rekstri.
- **Húsnæði, innviðir og viðhald.** Ófullnægjandi viðhald og ástand bygginga getur valdið þjónusturofi, auknum kostnaði og öryggisáhættu. Uppsöfnuð viðhaldsskuld.
- **Fjárhagsleg áætta.** Felur í sér óvissa um tekjur, kostnaðarþenslu og óraunhæfar áætlanir. Fjárhagsleg spenna getur haft áhrif á sjálfbærni þjónustu og krafist aðhalds eða niðurskurðar.
- **Samtæðutengd áætta (B-hluti).** Rekstur dótturfélaga, eigandastefna, stjórnarhættir og arðgreiðslur geta haft óbein en veruleg áhrif á fjárhag og stöðugleika A-hlutans.
- **Stjórnsýsla, ábyrgðarkeðjur og ferlar.** Óljós ábyrgð, ósamræmi í ferlum og sein ákvarðanatöku geta valdið mistökum, lagalegri áhættu og óstöðugleika í rekstri. Misferlisáætta liggur í ákvörðunum án fullnægjandi ferla t.d. innkaup og styrkir.
- **Upplýsingakerfi og stafrænir innviðir.** Veikleikar í netöryggi, gagnastjórnun og kerfisþróun geta truflað rekstur, valdið rangri ákvarðanatöku og leitt til ófyrirséðs kostnaðar.
- **Innkaup, samningar og stórfamkvæmdir.** Áhættan felst í veikri verkefnastýringu, útvistun, samningsstjórn og eftirliti. Slíkt getur leitt til tafa, fjárhagslegs tjóns og misferlis.
- **Orðsporsáætta.** Sýnilegir þjónustubrestir, kjaramál, öryggismál eða rekstraráföll geta fljótt valdið vantrausti og auknum pólitískum og samfélagslegum þrýstingi.

Val viðfangsefna á innri endurskoðunaráætlun

Hér að neðan eru viðfangsefni úttekta á árunum 2026-2028 eftir sviðum. Nánari upplýsingar um efni úttekta er að finna í kafla 7.

Innri endurskoðunaráætlun 2026:

- VEL Barnavernd - málsmeðferð
- SFS Klettaskóli - sérskólar
- MÍR Skíðasvæði höfuðborgarasvæðisins
- FAS Stofnframlög til félaga
- ÞON Upplýsingaöryggi og UT innviðir
- MSS Eigendafyrirvar, upplýsingagjöf og valdframsal

Innri endurskoðunaráætlun 2027:

- VEL Félagslegt leiguhúsnæði
- SFS Mannauðsmál leik- og grunnskóla
- USK Bilastæðasjóður
- MOS Kjaramál
- FAS Fjárhagsáætlunarferli – Eignasjóður og Aðalsjóður
- ÞON Stafræn umbreyting og verkefnastjórnun
- IER Ytra gæðamat

Innri endurskoðunaráætlun 2028:

- VEL Úrræði fyrir heimilislausa
- SFS Sérkennsluþjónusta
- MÍR Frístund fatlaðra
- USK Sorphirða og úrgangsstjórnun
- MSS Regluvörður og spillingarvarnir
- ÞON Gervigreind og persónuvernd
- MOS Vinnuvernd

Önnur verkefni IER:

- Stjórnsýsluúttektir frá borgarstjórn eða borgarráði
- Eftirfylgni með ábendingum
- Endurskoðunarnefnd
- Uppljóstrunargátt

6. Meginferli úttekta og eftirfylgnikannana

Tímasetningar úttekta sem eru í innri endurskoðunaráætlun eru ákveðnar í samráði við stjórnendur innan Reykjavíkurborgar. Tilkynnt er formlega um **upphaf úttekta til viðkomandi sviðsstjóra** áður en vinna hefst. Í kjölfarið fer fram forathugun þar sem lagt er mat á helstu áhættuþætti í samstarfi við stjórnanda viðkomandi starfseiningar.


Afmörkun úttekta tekur mið af áhættumati og beinist að jafnaði að þeim atriðum sem teljast mikilvægust hverju sinni. Áður en framkvæmd hefst er lögð fram verkáætlun þar sem markmið úttekta, áhersluatriði, umfang, aðferðafræði og áætluð tímalína eru skilgreind.

Að lokinni **samþykkt verkáætlun** er hafist handa við gagnaöflun og fundað með stjórnendum og starfsfólki í samræmi við umfang verkefnisins. Fyrir hverja úttekt er skipaður bakhjarl sem tryggir greiðan aðgang að gögnum, starfsfólki, kerfum og öðrum þáttum sem nauðsynlegir eru við framkvæmd úttektarinnar. IER miðlar jafnframt reglulega upplýsingum um stöðu verkefnisins meðan á úttekt stendur.

Skýrsludrög eru send stjórnendum til umsagnar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Jafnframt er óskað eftir tímasettum viðbrögðum stjórnenda við ábendingum IER. Að lokinni yfirferð er lokaskýrsla lögð fyrir endurskoðunarnefnd og kynnt í fagráði og/eða borgarráði eftir því sem við á. Lokaskýrsla er síðan send sviðsstjóra og hlutaðeigandi stjórnendum.

Eftirfylgni ábendinga fer fram eftir kynningu á lokaskýrslu. Markmið eftirfylgni er að meta hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingum IER með fullnægjandi hætti. Niðurstöðum er miðlað til endurskoðunarnefndar, stjórnenda og viðeigandi fagráða og/eða borgarráðs – og stuðlar eftirfylgni þannig að áframhaldandi umbótum í stjórnarsýslu og innra eftirliti A hlutans.

Mynd 4. Meginferli úttekta



7. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2026

Svið	Málaflokkur	Viðfangsefni úttektar	Ástæður fyrir vali	Markmið úttektar	Helstu atriði til skoðunar
VEL	Barnavernd – málsmeðferð	Mönnun, málsstjórn, ferlar, skráning, gæðakerfi	Verulegt frávik (1.626 m.kr.), mönnun, yfirvinna; málafjöldi, skráningargæði, viðkvæmar persónuupplýsingar.	Draga úr frávikum og styrkja gæði og skilvirkni málsmeðferðar og skráningar.	- Ábyrgðarskil Barnaverndar og umdæmisráðs - Mönnun og álagsdreifing - Leiðtími og tafir í málsferli - Persónuvernd og gagnaöryggi
SFS	Klettaskóli – sérskólar	Fjármögnun, uppgjör, þjónustustig, réttindi	Rekstrarhalli (100–200 m.kr.), flókið uppgjör við sveitarfélög, óskýr þjónustustig, aukinn þrýstingur á sérúrræði.	Meta sjálfbærni rekstrar, lögmæti og samræmi við þjónusturétt barna.	- Raunkostnaður og fjármögnun - Samnings- og uppgjorsferlar við sveitarfélög - Þjónustustig og jafnræði milli barna - Stjórnsýslu- og gæðaferlar
MÍR	Skíðasvæði hbsv.	Innra eftirlit, öryggi, stjórnskipulag, viðhald	Óljóst stjórnskipulag; óskýr samráðsnefnd, miklar veður- og rekstraráhættur, viðkvæmir innviðir, hár viðhaldskostnaður.	Tryggja örugga, áreiðanlega og rekstrarhæfa starfsemi skíðasvæða.	- Ábyrgðarskipting milli sveitarfélaga. - Viðhald og endurnýjunaráætlanir - Innra eftirlit með fjármálum - Samningar við rekstraraðila
FAS	Stofnframlög til félaga	Úthlutun framlaga til B-hluta og óhagnaðardrifinna félaga	Mikil fjárhagsleg áhætta, hætta á misræmi og ofgreiðslum, óskýr ábyrgðarkeðja, ósamræmi í skjalfestingu og forsendum.	Tryggja gagnsæja, lögmæta og rekjanlega úthlutun og virkt eftirlit.	- Regluverk og lagaskilyrði - Rekjanleiki og forsendur ákvarðana - Eftirlit og framvinda - Fjárhagur, jafnræði og ábyrgðarkeðja
PON	Upplýsingaöryggi og UT innviðir	Öryggisstýringar, varnarlag, aðgangsstýring, gervigreind	Undirfjármögnuð öryggismál, netógnir og gagnagíslataka, veik stjórnskipulag, veikleikar í raunlægu öryggi.	Styrkja öryggisþol borgarinnar og tryggja lögbundna vernd gagna.	- Aðgangsstýringar og innra varnarlag - Raunlægt öryggi og öryggisafritun - Viðbragðs- og endurheimtuferlar - Eignaskráning, stefna og fjármögnun.
MSS	Stjórnarhættir	Eigandafyrirsvar B hluta og valdframsal og lögmæt ákvarðanatöku í A hluta	Ófullnægjandi innleiðing eigandastefnu getur veikt eigandafyrirsvor. Óljóst eða rangt valdframsal skapar lagalega áhættu og getur ógilt ákvarðanir. Misræmi milli ráða getur valdið ósamræmi í stjórnsýslu og óljósri ábyrgð.	Meta lögmæti valdframsals og ákvarðanatöku og hvort eigendastefna sé virk og innleidd.	- Innleiðing eigandastefnu hjá B hluta - Framsalsheimildir og lagalegur grundvöllur - Fullnaðarafgreiðslur og verkferlar - Gagnsæi og rekjanleiki ákvarðanatöku - Samræmi milli ráða A hluta

8. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2027

Svið	Málaflokkur	Viðfangsefni úttektar	Ástæður fyrir vali	Markmið úttektar	Helstu atriði til skoðunar
VEL	Félagslegt leiguhúsnæði	Úthlutun, ferlar og samskipti við Félagsbústaði	Langir biðlistar, ósamræmi í ferlum milli VEL og Félagsbústaða.	Meta hvort úthlutunarferli og samhæfing tryggi skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu.	- Gagnaflæði og skráning - Úthlutunarreglur og forsendur - Samhæfing ferla við Félagsbústaði - Eftirlit og eftirfylgni með úthlutun
SFS	Mannauðsmál	Mannauðsmál leikskóla og grunnskóla	Hátt veikindahlutfall, starfsmannavelta, álag, óraunhæf mönnun og rekstrarhalli.	Meta hvort stjórnsýsla, ferlar og mönnun tryggi öruggt og sjálfbært skólastarf.	- Veikindaskráning og rótargreining - Mönnun og hæfnikröfur - Nýliðun og þjálfun - Rekstrar- og stjórnsýsluferlar
USK	Bílastæðasjóður	Gjaldskrár, tekjuskráning og kærufurli	Óvissa um gjaldtöku og undanþágur, ágreiningur um skráningu og tekjur, aukinn fjöldi kærumála og áhætta við innleiðingu myndavélasekta.	Tryggja réttlæti, skýrt verklag og rekjanleika í gjaldtöku, skráningu og kærufurum Bílastæðasjóðs.	- Gjaldtaka og undanþágur - Skráning og rekjanleiki - Tekjuskráning - Gagnsæi og upplýsingagjöf - Kæru- og úrlausnarferli
MOS	Kjaramál	Stjórnun kjaramála og innleiðing	Hæstu áhættur, flókið regluverk, mikil fjárhagsleg og pólitísk áhætta.	Meta hvort stjórnsýsla, túlkun og innleiðing kjaramála tryggi samræmd og rétt framkvæmd.	- Túlkun og innleiðing kjarasamninga - Ferilspor og rökstuðningur ákvarðana - Starfaflokkun og rétt beiting viðmiða - Samskipti og samráð við stéttarfélag
FAS	Fjárhags-áætlunarferli	Fjárhagsáætlunarferli – Eignasjóður og Aðalsjóður	Óraunhæfar forsendur, frávik miðað við rekstur, tekjuáhætta og pólitísk viðkvæmni.	Meta hvort forsendur og ferlar í fjárhagsáætlunarferli tryggi áreiðanlegar áætlanir og samræmi við rekstur.	- Forsendur, varúðarviðmið og líkanagerð - Frávikagreining og eftirfylgni - Innra eftirlit og fjárheimildir - Gagnagæði og samræmi kerfa
ÞON	Stafræn umbreyting	Stjórnsýsla stafrænnar umbreytingar	Tafir og misheppnaðar innleiðingar, kerfi sett í rekstur of snemma, óljóst kostnaðar- og greiðslufyrirkomulag.	Meta hvort stjórnsýsla, ferlar og kostnaðargrunnur tryggi ávinning og áreiðanlega innleiðingu verkefna.	- Verkefnaval og forgangsröðun - Ábtagreining - Prófunar- og innleiðingarferlar - Kostnaðargrunnur og gjaldtaka
IER	Innri endurskoðun og ráðgjöf	Ytra gæðamat á starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafa	Skylda samkvæmt alþjóðlegum stöðlum að framkvæma óháð ytra gæðamat á innri endurskoðun á 5 ára fresti.	Bæta samræmi við staðla og styrkja fagmennsku, gæði og stöðu innri endurskoðunar.	- Mat á samræmi við Alþjóðlegu staðlana - Sjálfstæði, óhæði og stjórnskipulag - Gæðakerfi, verklag og umbótatækifæri

9. Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2028

Svið	Málaflokkur	Viðfangsefni úttektar	Ástæður fyrir vali	Markmið úttektar	Helstu atriði til skoðunar
VEL	Úrræði fyrir heimilislausa	Öryggisferlar, mönnun, verklag og þjónustustig	Viðkvæmur hópur, öryggisáhætta, fjölbættur vandi og mikill kostnaður.	Meta hvort öryggisferlar, mönnun og verklag tryggi örugga og samræmda þjónustu.	- Innrítun og áhættumat - Skráning og upplýsingaflæði - Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir - Þverfagleg samvinna
SFS	Sérkennsluþjónusta	Gæði, eftirfylgni og lagaleg innleiðing sérkennslu	Vaxandi þjónustuþörf, lagaskylda og skortur á rekjanleika þjónustustigs	Tryggja að lögbundnar skyldur séu uppfylltar og að ferlar séu gagnsæir	- Greiningaferli og stuðningsviðmið - Fjármögnun og úthlutun - Eftirlit og árangur
MÍR	Fristund fatlaðra	Öryggi, aðgengi, fjármögnun og samþætting	Viðkvæmur hópur, kostnaður yfir áætlun, skörun við VEL, hætta á þjónusturofi.	Kanna hvort ábyrgð, fjármögnun og öryggisferlar séu skýrir til að tryggja örugga og samfellda þjónustu.	- Ábyrgðarkeðja milli sviða - Fjármögnun og jafnræði - Öryggisferlar og viðveruskráning - Samþætting við akstur fatlaðra
USK	Sorphirða og úrgangsstjórnun	Rekstrarferli, gjaldskrár, þjónustustig	Kvartanir um seinkun, gagnrýni á kerfisbreytingar og hátt sýnileiki.	Meta hvort rekstrarferlar, gjaldskrár og eftirlit tryggi jafnræði, rekjanleika og áreiðanlegt þjónustustig.	- Samræmi milli hverfa og úrgangsflokka - Eftirlit og frávikastjórnun - Gjaldskrár – forsendur og rökstuðningur - Gagnasöfnun og rekjanleiki ferla
FAS/ MSS	Regluvörður og spillingarvarnir	Siðareglur, hagsmunaárekstrar og regluvarsla	Reykjavíkurborg er útgefandi skuldabréfa og fellur undir lög nr. 60/2021 og reglur nr. 44/2023, áhætta tengd siðareglum og hagsmunaárekstrum.	Meta virkni regluvörslukerfis og samræmi við lagaskyldur og innleiðingu spillingarvarna.	- Mat á fylgni við lög og virkni eftirlits, vöktunar og innra regluvörslukerfis. - Siðareglur og hagsmunaárekstrar - Tilkynningarskylda og verklag - Viðurlög, þjálfun og eftirlit
ÞON / SBB	Gervigreind og persónuvernd	Gervigreind og persónuvernd	Há lagaleg áhætta við vinnslu persónuupplýsinga. Ný gervigreindarlöggjöf. Áhætta á rangri gagnavinnslu. Veik gagnamenning í borgarkerfinu.	Meta hvort vinnsla gagna, persónuvernd og stjórnsýsla gervigreindar tryggi áreiðanlega og lögmæta gagnavinnslu.	- Gagnastreymi, aðgengi og rekjanleiki - Persónuvernd og gervigreindarlöggjöf - Umboð, ábyrgð og stjórnsýsla - Gagnaöryggi og gagnainnviðir
MOS	Vinnuvernd	Vinnuvernd	Há lagaleg og þjónustuáhætta og áhrif á líðan og veikindi.	Kanna hvort vinnuverndarferlar, áhættumat og viðbragðsferli séu nægilega skýrir til að tryggja öruggt starfsumhverfi.	- Húsnæðismat og áhættumat - Atvikaskráning og eftirfylgni - Fræðsla og verklag - Viðbragðsferli og stuðningur við starfsfólk

Innri endurskoðun og ráðgjöf | Innri endurskoðunarátætlun A hluta 2026-2028

Eftirfylgnikannanir 2026

Á árinu 2026 verður fylgt eftir 185 ábendingum í neðangreindum útgefnum skýrslum (f=19).

Svið borgarinnar	Heiti úttektar	Útgáfu ár	Fjöldi ábendinga
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Áhættustýring Reykjavíkurborgar	2024	7
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Innheimtumál Eignasjóðs	2021	9
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Innkaup og samningsstjórnun	2022	10
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar	2024	7
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	Launaferill Reykjavíkurborgar	2026	8
Menningar- og íþróttasvið	Styrkveitingar til íþróttafélaga	2022	3
Menningar- og íþróttasvið	Öryggi í sundlaugum	2021	14
Miðlæg stjórnsýsla	Eigendahlutverk styrkjaverkefni Reykjavíkurborgar og styrkjaúthlutanir 2022	2024	6
Skóla- og fristundasvið	Grunnskólar Reykjavíkur Úthlutun fjárhagsramma og rekstur	2022	13
Skóla- og fristundasvið	Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar	2022	8
Skóla- og fristundasvið	Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar	2023	7
Umhverfis- og skipulagssvið	Áætlanagerð og rekstur vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar	2024	4
Umhverfis- og skipulagssvið	Bilun í skólpðælustöð við Faxaskjól	2018	7
Umhverfis- og skipulagssvið	Eignaskráning hjá skrifstofu borgarlands	2023	6
Umhverfis- og skipulagssvið	Viðhaldsstjórnun fasteigna Reykjavíkurborgar	2023	13
Umhverfis- og skipulagssvið	Leikskólinn Brákarborg Hönnun, framkvæmdir og eftirlit	2025	14
Umhverfis- og skipulagssvið	Samningaviðræður við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða	2025	12
Umhverfis- og skipulagssvið	Verklegar framkvæmdir og innkaupamál	2019	15
Velferðarsvið	Félagsleg heimaþjónusta - Vinnuskýrsla um innra eftirlit	2021	22

Viðauki I – Áhættukort

Mynd 4 sýnir niðurstöður áhættumats innri endurskoðunar fyrir helstu málaflokka og ferla sviða borgarinnar.

		Búseta fatlaðs fólks / NPA Aðalskipulag Fjárhagsáætlunarferli Fristund fatlaðra	Sérkennsluþjónusta Grunnskólar Húsnæðisstuðningur Framkvæmdir og viðhald Innkaup og samningsstjórnun Stofnframlög til félaga	Leikskólar Skólahúsnæði og íþróttamannvirki Barnavernd Bygginga- og skipulagsfulltrúi Fjárfestingar ferill Upplýsingaöryggi
	Heilbrigðiseftirlitið Samskiptaferlar við borgara Greiðslumiðlun og gjaldkeri Loftlagsmál Samningar VEL við félagasamtök	Skiðasvæði Fjárhagsaðstoð Heimaþjónusta Samgöngur og borgarhönnun Þjónustubúðir og hjúkrunarheimili	Áhættustýring A og B hluta Félagslegt húsnæði Umhverfis- og úrgangsstjórnun Tekjuferill Gervigreind og persónuvernd Úrræði fyrir heimilislausa	Sérskólar fyrir fótluð börn Stjórnarhættir - eigendafyrirvar, upplýsingagjöf og valdaframsal Kjaramál Ráðningar og mönnun Launaferli
	Hverfaþjónusta USK Viðburðir og hátíðir á borgarlandi Fristundamiðstöðvar	Dagþjónusta og dagdeildir Þjónustukaup Heimahjúkrun Garðyrkjuþjónusta Tekjuftirlit	Sundlaugar Regluvörður Gæðastjórnun Sjálfstætt starfandi grunnskólar Stafræn umbreyting Aðgangskerfi og húsoyrggi	Snjómokstur Fristundakort Stuðningsþjónusta barna Félagsþjónusta fullorðinna Fjárstýring og sjóðstreymi Vinnuvernd
Fræðsla og þjálfun Fristundaklúbbar	Sumarstarf fristundar Náttúra og garðar Skólalóðir	Fristundaheimili Menningarstofnanir	Samningara við íþróttafélag Jafnrétti og fjöl.breytni Miðstöðvar VEL Götur, lóðir og opinsvæði	Þjónustumiðstöð skóla Bílastæðasjóður Bókhald, afstemmingar og uppgjör
Fjölskyldu- og húsdýragarður Dýraþjónusta	Hitt Húsið Fristundamiðstöðvar			

Viðauki II – Starfsemi og rekstur A hluta Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnuveitandi landsins með rúmlega 8.000 stöðugildi sem veita þjónustu um 139 þúsund íbúum. A hluti borgarinnar sinnir lögbundinni þjónustu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum og sérlögum á sviði félagsþjónustu, menntunar, skipulagsmála, málefna fatlaðs fólks, menningar, íþróttta, lýðheilsu og almannavarna. Starfsemin skiptist í fjögur kjarnasvið, fjögur stoðsvið og Eignasjóð sem fer með rekstur og fjárfestingar í innviðum borgarinnar.

Svið Reykjavíkurborgar:

Kjarnasvið

- Skóla- og frístundasvið (SFS)
- Velferðarsvið (VEL)
- Umhverfis- og skipulagssvið (USK)
- Menningar- og íþróttasvið (MÍR)

Stoðsvið

- Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS)
- Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)
- Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)
- Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (MSS)

Eignasjóður

- Innviðafjárfestingar
- Gatnakerfi
- Viðhald fasteigna og innri leiga

Heimild: Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 og fimm ára áætlun 2026-2030, bls. 17

Tafla 1 sýnir rekstraryfirlit A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 og dregur fram tekjur, gjöld og fjárveitingar einstakra sviða samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun 2026. Þar kemur fram hvernig fjármunum er úthlutað milli sviða í samræmi við lögbundin verkefni, þjónustuviðfang og stefnumótandi áherslur borgarinnar. Yfirlitið gefur heildstæða mynd af umfangi rekstrar A hluta og hlutfallslegri dreifingu fjárheimilda milli sviða.

Tafla 1. Rekstraryfirlit A hluta eftir aðal- og eignasjóði 2026 í m.kr.

	Tekjur	Gjöld	Fjárveiting 2026	Hlutfall
SFS	4.852	97.970	-93.117	46%
VEL	7.553	56.551	-48.998	24%
MÍR	2.920	24.540	-21.620	11%
Sameiginl. kostn.	0,5	18.360	-18.359	9%
USK	7.106	20.257	-13.152	6%
ÞON	3.686	8.254	-4.569	2%
MSS	78	2.571	-2.493	1%
FAS	59	1.384	-1.325	1%
MOS	62	1.075	-1.013	0%
Aðalsjóður samtals	26.316	230.962	-204.646	100%
Eignasjóður samtals	43.632	32.840	10.792	100%

Viðauki III – Viðmælendur

Viðmælendur IER við gerð innri endurskoðunaráætlunar 2026-2028:

Fjármála- og áhættustýringarvið

- Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri
- Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri

Menningar- og íþróttasvið

- Steinþór Einarsson, sviðsstjóri
- Andrés Bögebjerg Andreassen, fjármálastjóri

Mannauðs- og starfsþróunarsvið

- Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri
- Elín Blöndal, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Skóla- og frístundasvið

- Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri
- Franz Páll Sigurðsson, fjármálastjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

- Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri
- Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri

Velferðarsvið

- Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri
- Agnes Sif Andrésdóttir, skrifstofustjóri fjármála og rekstrar

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

- Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri
- Ólafur Sólimann Helgason, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu
- Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri, stafræn Reykjavík
- Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu
- Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Áhættustýring

- Stefanía Sch. Thorsteinsson, áhættustjóri

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

- Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri
- Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Embætti borgarlögmanns

- Ebba Schram, borgarlögmaður

Endurskoðunarnefnd

- Lárus Finnbogason, formaður

Borgarfulltrúar – aðalmenn í borgarráði og formenn ráða

- Alexandra Briem, borgarfulltrúi Pírata
- Andrea Helgadóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokkurinn
- Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata
- Einar Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins
- Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingar og formaður Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur
- Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins
- Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi VG
- Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins
- Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokkssins
- Skúli Þór Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingar og formaður MÍR ráðs
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi Viðreisnar

Viðauki IV – Starfsfólk IER 2026 – sérþekking, reynsla og hlutverk



Ingunn Ólafsdóttir – starfandi innri endurskoðandi

Ingunn hóf störf hjá IER árið 2021 og hefur gegnt starfi innri endurskoðanda frá 2024. Hún hefur rúmlega 20 ára reynslu af endurskoðun, m.a. sem innri endurskoðandi Háskóla Íslands, Deloitte og Ríkisendurskoðun. Hún er vottaður innri endurskoðandi (CIA) og er með MPA-gráðu frá KU Leuven, meistaragráðu frá University of Kent og BA í stjórnmálafræði frá HÍ.



Arnheiður Elísa Ingjaldsdóttir – verkefnastjóri í innri endurskoðun

Arnheiður hóf störf hjá IER árið 2025. Hún býr yfir nær tuttugu ára reynslu af störfum innan Stjórnarráðsins, stofnana og Reykjavíkurborgar, m.a. á sviði árangursstjórnunar, stefnumótunar og rekstrar. Hún er með meistaragráðu í hagfræði og lögfræði frá Háskólanum í Árósum, diplóma í opinberri stjórnsýslu og B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá HÍ.



Guðjón Hlynur Guðmundsson – verkefnastjóri í innri endurskoðun

Guðjón hefur starfað hjá IER síðan 2018 og býr yfir rúmlega 20 ára reynslu af eftirlits- og úttektarstörfum, m.a. frá Ríkisskattstjóra, Deloitte og Fjármálaeftirlitinu. Hann er með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Bifröst og M.Sc.-gráðu í fjármálum frá HÍ.



Halldóra Alexandersdóttir – verkefnastjóri í rannsóknarendurskoðun

Halldóra kom til IER árið 2026. Hún hefur víðtæka reynslu af endurskoðun og efnahagsbrotarannsóknnum, m.a. tíu ár hjá Deloitte og fimmtán ár hjá embættum sérstaks saksóknara og héraðssaksóknara. Hún er með meistaragráðu í reikningsskilum og endurskoðun og hefur lokið námi til viðurkenningar sem stjórnarmaður. Hún sérhæfir sig í misferlisrannsóknnum og stjórnarháttum.



Skúli Magnússon – verkefnastjóri í innri endurskoðun

Skúli hóf störf hjá IER árið 2025. Hann hefur yfir áratugarreynslu af greiningu, áhættumati og eftirliti hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, m.a. við greiningu viðskiptalíkana og rekstraráhættu. Hann er með M.Acc.-gráðu, B.Sc. í viðskiptafræði og próf í verðbréfavíðskiptum.



Kristín Henley Vilhjálmsdóttir – skrifstofustjóri og gæðastjóri

Kristín hefur starfað hjá IER frá 2016 og annast gæðastarf, útgáfu skýrsla og umsýslu endurskoðunarnefndar. Hún sér jafnframt um meðferð mála sem berast í upplýstrunargátt IER. Hún er með diplóma í heilbrigðisgagnafræði og hefur áður starfað hjá SBB og Íslenskri erfðagreiningu.



Magnús Gunnarsson – verkefnastjóri í innri endurskoðun

Magnús hóf störf hjá IER árið 2025. Hann starfaði áður hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands við úttektir á áhættustýringu, varnarlinum og regluvörslu, auk reynslu úr rekstri fyrirtækja. Hann er með Cand.oecon.-gráðu og próf í verðbréfamiðlun. Hann sérhæfir sig í áhættustýringu, fjármálum og rekstrarúttektum.



Kristín Lilja Sigurðardóttir – lögfræðingur

Kristín Lilja hóf störf hjá IER árið 2023 og starfaði áður á sviði persónuverndar hjá Reykjavíkurborg. Hún var staðgengill persónuverndarfulltrúa 2024–2025. Hún er með meistaraþróf í lögfræði með sérhæfingu í stjórnsýslu- og persónurétti. Hún sinnir lögfræðilegu stuðningshlutverki við úttektir IER og vaktar upplýstrunargáttina.



Stefán Grétarsson – verkefnastjóri í endurskoðun upplýsingakerfa

Stefán kom til IER árið 2023 og hefur starfað á sviði upplýsingatækni og upplýsingaöryggis frá 1999. Hann hefur m.a. starfað sem kerfis- og netstjóri og sem breytingastjóri hjá Reykjavíkurborg. Hann er með M.Acc.-gráðu frá HÍ og B.Sc. í viðskiptafræði frá HR og sérhæfir sig í upplýsingaöryggi, áhættumati og mati á innbyggðu eftirliti.



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is